



Styrkveitingar

Efni: **Yfirlit yfir styrkveitingar úr samfélagssjóði Landsvirkjunar árið 2011**

1. ársfjórðungur 2011

Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit.

Fuglasafnið hlaut 800.000 kr til áframhaldandi gerðar fræðslu- og kennsluefnis fyrir safnið.

Jóhannes Sturlaugsson/ Laxfiskar ehf og Friðrik Þór Friðriksson/ Leiknar myndir ehf.

hlutu 500.000 kr. styrk til að leggja lokahönd á gerð náttúrulífsmyndar um Þingvallaurriðann.

Samstarfsverkefni Hollvinafélags Galtarvita, Gallerí Kling og Bang og Þjóðfræðistofu 400.000 kr. til að setja upp myndlistasýninguna Hljómur norðursins á Galtarvita og í Gallerí Kling og Bang.

Stofnun Árna Magnússon ISLEX

300.000 kr. til hljóðsetningar skandinavískrar orðabókar á netinu .

Landssamtök hjólreiðarmanna

300.000 kr. til að efla hjólreiðar með jákvæðri hvatningu og að efla umferðaröryggi með fræðslu.

Félag kvenna í nýsköpun – KVENN

250.000 kr til að skipuleggja á Íslandi ráðstefnu, sýningu og viðurkenningarathöfn fyrir Evrópskar konur í nýsköpun.

Formula Student Iceland - Nemar í iðnaðar-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ 250.000 kr. til hönnun á Rafmagnskappakstursbíl.

Húsavíkurstofa

250.000 kr. til merkingar gönguleiða í nágrenni Húsavíkur og útgáfa göngukorts.

Músík í Mývatnssveit – Laufey Sigurðardóttir

250.000 kr. til að halda árlega tónlistarhátíð um páska í Mývatnssveit.

UN Women á Íslandi – Vitundarvakning í septembermánuði

200.000 kr. styrkur til gerðar innslaga fyrir sjónvarp.

Mývatnssstofa ehf.- Orkugangan á skíðum

200.000 kr. styrk til að halda Orkugönguna, 60 km langa skíðagöngu frá Mývatnssveit til Húsavíkur.



7. bekkur Grunnskóla Hornafjarðar – sigurvegara í First LEGO keppninni á Ísland.
150.000 kr. styrk til að fara á First LEGO alþjóðlega keppi í Hollandi

Rauði þráðurinn, María Reyndal
150.000 kr. til framleiðslu heimildamyndar um skólagöngu 9 ára stúlku á Nýja Sjálandi og Íslandi.

2. ársfjórðungur 2011

Þekkingarnet Austurlands, námskeið
800.000 kr. til að halda námskeið fyrir starfsmenn þjóðgarða og annara verndaðra svæða, ferðaþjónustuaðila og aðra áhugasama.

Þátttaka Íslands í alþjóðlegri könnun um umhverfið
700.000 kr. til að leggja fyrir spurningalista á Íslandi fyrir alþjóðlega könnun um umhverfið eða viðhorf til umhverfismála og sjálfbærni.

Borgarmynd ehf. - Lífríki Íslands: Vistfræði lands og sjávar
500.000 kr. til teikninga skýringarmynda, bókarhönnun og umbrot bókarinnar Lífríki Íslands: Vistfræði lands og sjávar.

Útsaumur í sveitinni
250.000 kr. til að sauma Vatnsdæla sögu á refli að fyrirmynd Bayeux-refilsins sem saumaður var á 11. öld. Með þessu verkefni verður Vatnsdæla endurvakin á nýstárlegan hátt.

Heim í sveitina
230.000 kr. til að halda skapandi tónlistarsmiðjur í heimabæjum nokkurra ungra tónlistarmanna sem öll eru brottflutt af landsbyggðinni.

Sumartónleikar í Skálholti
200.000 kr. stuðningur við dagskrá Sumartónleika 2011 í Skálholtskirkju.

JUST HERE!
200.000 kr. til að fara með verkið Just here! sem er íslenskt dansskotið leikhúsverk á STOFF Fringe Festival í Stokkhólmi.

Sumartónleikar við Mývatn
250.000 kr. til að halda Sumartónleika við Mývatn sem fagna 25 ára afmæli í ár.

Farandþjálfun UÍA sumarið 2011
150.000 kr. styrkur til að halda úti farandþjálfun innan aðildarféлага Ungmenna og Íþróttasambands Austurlands.

Skapandi smiðjur í rit- og tónlist fyrir börn
Aura – Menningarstjórnun og ráðgjöf hlýtur 150.000 kr. styrk til að halda skapandi smiðjur í rit- og tónlist fyrir börn í sveitum Skagafjarðar.



Leikhópurinn Lotta

150.000 kr. styrk til að setja upp leiksýningu sem sýnd verður á yfir fimmtíu stöðum á landinu.

Ormsteiti

150.000 kr. styrk til héraðshátíðarinnar Ormsteiti „Inn til dala og upp til fjalla“ á Fljótshéraði.

Gímsævintýri

250.000 kr. styrk til Kvenfélags Grímsneshrepps til að halda hátíðina Grímsævintýri í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Tónleikar í Loðmundarfirði

100.000 kr. styrk til að halda tónleika með tónlistarmanninum Kristjáni Kristjánssyni (KK) í Loðmundarfirði.

Hugarafi

40.000 kr. styrkur til húsgagnakaupa fyrir setustofu; eldhús; tómsundaherbergi í húsnæði Hugarafs.

Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra

30.000 kr. styrkur til útgáfu afmælisrits FÁÍA, Aldrei of seint, sem gefið er út í tilefni af 25 ára afmæli félagsins.

3. ársfjórðungur 2011

Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni

700.000 kr. styrkur til uppbyggingar útikennslustofu og útieldunaraðstöðu á Úlfljótsvatni er nýtist skátum og grunnskólanemum hvaðanæva af landinu.

SAFT og Heimili og skóli, landsamtök foreldra

600.000 kr. til prentunar og útgáfu námsefnis er fjallar um ábyrga notkun netsins og nýmiðla og verður dreift í alla grunnskóla landsins.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi

500.000 kr. styrkur til þróunar á námsumhverfi og þekkingarbrunni á táknmáli fyrir farsíma.

Stígamót, grasrótahreyfing gegn kynferðisofbeldi

500.000 kr. styrkur til að kosta götukynningar og auglýsingar.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF)

500.000 kr. til alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar sem haldin er í september ár hvert.

Tónlistarsafn Íslands

400.000 kr. til verkefnisins Íslensk tónmenning gerð lifandi. Markmiðið er að hljóðrita tónmenningu þjóðarinnar eins og hún hún birtist í varðveittum bókum allt



frá 16. öld og gera hana aðgengilega almenningi í gegnum gagnagrunninn Ismus sem verður opnaður í haust.

Hlemmur – Lækjartorg, Sögusýning við Laugaveg sumar 2012
250.000 kr. til að setja upp sögusýningu á Laugavegi sem vegfarendur koma til með að njóta er þeir ganga götuna.

Kammerkór Norðurlands
250.000 kr. stuðningur við starfsemi kórsins og tónlistarlíf á Norðurlandi.

Stuðningsfélag einstakra barna
120.000 kr. styrkur til stuðningsfélags barna og ungs fólks með sjaldgæfa og alvarlega sjúkdóma og fatlanir. Styrkurinn verður nýttur til að bæta félagsaðstöðu barnanna og kosta sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir unglunga.

Blóðgjafafélag Íslands
100.000 kr. styrkur til þýðingar, staðfærslu og útgáfu á fræðsluefni fyrir unglunga um blóðgjöf. Markmiðið með útgáfunni er að vekja athygli, áhuga og árverkni ungs fólks gagnvart þörfinni fyrir gjafablóð til lækninga á Íslandi.

Ungmennasamband Austur-Húnavetninga
80.000 kr. til Héraðsmóts á Blönduósi, þar sem keppa íþróttamenn frá öllum aðildarfélögum USAH.

4. ársfjórðungur 2011

Garðarshólmi, miðstöð sjálfbærni á Húsavík
500.000 kr til sjálfbærniseturs á Húsavík sem mun beita sér fyrir rannsóknum og fræðslu á öllu sem viðkemur sjálfbærni og hvernig sætta má samlíf manns og náttúru.

Landvernd
500.000 kr. til útgáfu handbókar fyrir Vistvernd í verki. Vistvernd í verki er alþjóðlegt samfélagsverkefni sem leiðbeinir þátttakendum í leit þeirra að sjálfbærum lífstíl og samfélagi og stuðlar þannig að bættri umhverfismeðvitund og hegðun.

Saga forlag
400.000 kr. styrkur til nýrrar og samræmdar heildarþýðingu allra íslendingasagna á þrem Norðurlandamálum.

Þjóðsaga – nýtt tónverk við frumsamda sögu sem innblásin er af þjóðsögunni *Systkinin í Ódáðahrauni*
250.000 kr. til að flytja verkið í eða í námunda við Vatnajökulspjóðarð þar sem sagan í verkinu gerist.

Alþýðuóperan
250.000 kr. til þróun nándaróperu og óperufræðslu fyrir alþýðu.



Íslandsnefnd Ung Nordisk Musik

250.000 kr. til norrænnar tónlistarhátíðar ungra tónskálda sem haldin verður í Reykjavík á næsta ári.

700IS Hreindýraland

250.000 kr. til listahátíðar á Austurlandi í mars 2012.

Klúbburinn GEYSIR

250.000 kr styrkur til félags einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða.

EFLING KVENNA – verkefni á vegum Tengslanets austfirskra kvenna

250.000 kr. til að standa að ráðstefnu um jafnréttismál á Austurlandi auk þess að gefa út blað sem dregur ritstörf kvenna fram í dagsljósið.

FRÆ kvikmyndir

200.000 kr. styrkur til gerðar stuttmyndar um krakka á aldrinum 10-13 ára sem meðal annars er ætluð til sýninga í grunnskólum.

Gunnar Sigurgeirsson – Filmsýn

200.000 kr til gerðar heimildamyndar um bóndann, safnvörðinn og vitavörðinn Sigurður Pálsson á Baugsstöðum í fyrrum Stokkseyrarhrepp.

Jarðfræðafélag Íslands

150.000 kr. styrk til að standa að Vetrarmóti norrænna jarðfræðinga í Reykjavík

Karлакórinn Heimir í Skagafirði

100.000 kr. styrk til að flytja sígilda Vínartónlist á þrettándatónleikum í Skagafirði.

Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur

75.000 kr. styrkur

Velferðarsjóður Þingeyinga

75.000 kr. styrkur